

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

9. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILID 2018-2022

Árið 2019, föstudaginn 10. jan. kl. 8:30, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 1.

Mætt voru Guðbjörg Bergmundsdóttir, Steinn Ingi Kjartansson, Samúel Kristjánssona, Karl Guðmundur Kjartansson og Elsa Borgarsdóttur.

Pétur G. Markan, sveitarstjóri, ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 8:30.

Steinn Ingi Kjartansson bauð viðstadda velkomna og athugaði með lögmati fundarins.

Oddviti leggur til að fjórði liður á dagskránni færist verði síðasti liður. Samþykkt samhljóða.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra.
2. Fundargerð atvinnu og landbúnaðarnefndar frá 8. jan.
3. Fundargerð skipulags, byggingar umhverfis og samgöngunefndar.
4. Starfshópur um endurskoðun kosningalaga – óskað eftir athugasemdum.
5. Ósk um að Súðavíkurhreppur tilefni fulltrúa í vatnasvæðanefnd í samræmi við lög nr. 36/2011 og reglugerð nr. 935/2011 umstjórn vatnamála.
6. Fundargerð sambands ísl. sveitarfélaga nr. 866.
7. Minnisblað vegna brunavarna í Reykjanesi.
8. Skipan í stjórn fasteignafélagsins Langeyrar.
9. Skipan í stjórn Grundarstrætis ehf.
10. Drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeld. Umsögn Súðavíkurhrepps.
11. Ísafjarðará – erindi frá Sigurgísla Ingimarssyni.
12. RR – ráðgjöf kemur til fundar v/ kalkþörungaverkefnis.

-
1. Skýrsla sveitarstjóra lögð fram.

Sveitarstjóri leggur fram undir þessum lið uppsagnarbréf, dagsett 9. jan. 2019. Bréfið er hér sett inn.

Undanfarið hafa birst tvær fréttir á héraðsmiðlinum BB. Annars vegar frétt með yfirskriftinni, Góð fjárhagsstaða, þar sem farið er yfir fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2019 og góðan fjárhagslegan árangur síðustu ára. Hins vegar frétt með yfirskriftinni Vestfirðingum fjölgar, þar sem kemur fram að íbúum Súðavíkurhrepps hafi fjölgað um 4%.

Báðar þessar fréttir segja sögu af góðum árangri síðustu ára – gefa ágætis mynd af því sem hefur afrekað. Staðreynd sem gleður mig mjög þegar ég skrifa þessa stuttu tilkynningu.

Ég hóf störf fyrir Súðavíkurhrepp sumarið 2014. Síðan hefur tíminn liðið á ljóshraða krefjandi verkefna, ánægjulegra kynna, sigra og og stundum erfiðra tímabila.

Ég hef, í samráði við fjölskyldu mína, ákveðið að segja starfi mínu lausu sem sveitarstjóri Súðavíkurhrepps. Framundan eru breytingar hjá fjölskyldunni sem kalla á þessar breytingar á mínum störfum.

Það er von mín og vissa að hjart sé yfir framtíð sveitarfélagsins. Mér er efst í huga þakklæti til íbúa Súðavíkurhrepps fyrir að hafa fengið að stýra sveitarfélaginu, sú reynsla er dýrmæt, þakklát og verðmæt.

Ég vil þakka sveitarstjórn fyrir samstarfið og óska henni velfarnaðar, hamingju og gleði á komandi tímum, árum og áratugum.

Súðavík 9. janúar 2019.

Pétur G. Markan

Oddviti tekur við uppsögninni fyrir hönd sveitarstjórnar. Sveitarstjórn óskar eftir að Pétur vinni uppsagnarfrest. Oddvita og sveitarstjóra falið að samband við ráðningarstofu og undirbúa auglýsingu vegna ráðningar nýs sveitarstjóra í Súðavíkurhreppi og leggja fyrir sveitarstjórn.

Oddviti fyrir hönd sveitarstjórnar þakkar Pétri fyrir vel unnin störf og óskar honum og fjölskyldunni velfarnaðar í framtíðinni.

2. Í samráði við formann nefndarinnar var fundinum frestað þar til seinna í mánuðinum.
3. Hér koma Gunnar Páll Eydal og Jóhann Birkir Helgason til fundarins.

Fundargerð skipulags, byggingar, umhverfis og samgöngunefndar frá 10. jan. lögð fram. Fundargerðin staðfest af sveitarstjórn.

Formaður skipulags, byggingar, umhverfis og samgöngunefndar gerir grein fyrir umræðum fundarins.

Fundargerð nefndarinnar fylgir þessari fundargerð.

Sveitararstjórn áréttar, varðandi virkjanarkosti og virkjanaframkvæmdir, að sett verði ákvæði um að ummerki eftir vegi og efnistökusvæði verði afmáð eins kostur er eftir, verði ekki af Hvanneyrardalsvirkjun.

Sveitarstjórn áréttar að allt umhverfiskrask í kringum Fofafót verði í lámarki. Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps áréttar að slóði, eins og nefndin bókaði, verði gönguslóði og reiðleið.

Skipulagslýsing vegna kalkþörungaverksmiðju, inn af Langeyri. Sveitarstjórn samþykkir breytingu á deiliskipulagi fyrir iðnaðar og atvinnusvæði á Langeyri og þannig að lið II og geymslusvæði falli út. Jafnframt leggur sveitarstjórn til að fari verði í deiliskipulag fyrir kalkþörungaverksmiðju fyrir fyrirhugaða kalkþörungaverksmiðju og þar komi lóð I og geymslusvæði inn. Samþykkt samhljóða.

Nýtt skipulag inn af Langeyri, v/ kalkþörungaverksmiðju. Sveitarstjórn samþykkir framlagða skipulagslýsingu og leggur til að framlögð skipulagslýsing skipulagsfulltrúa verði sett í auglýsingu og kynningu. Samþykkt samhljóða.

Skipulags og byggingarfulltrúi kynnir að áætlað er að aðalskipulag, og nýtt skipulag inn af Langeyri verði auglýst í maí.

Sveitarstjórn samþykkir að loka aflíðandi tengingu bílaplans Álftavers við stofnbraut, þjóðveg 61. Lokunin er liður í aðgerðum Vegagerðinnar til að auka umferðaöryggi í Súðavík og draga úr umferðarhraða. Vegagerðinn hyggst klára hönnun við umferðamannvirki á stofnbrautinni, mót Súðavíkurkirkju þar sem gangbraut verður og síðan verður lagður göngustígur í framhaldi af göngubrautinni að Grundarstræti. Fram kemur frá Vegagerðinni ef að tengingunni verður ekki, verði ekki haldið áfram með þessa framkvæmd Vegagerðarinnar.

Samþykkt samhljóða.

4. Engar athugasemdir frá sveitarstjórn.
5. Sveitarstjórn leggur til að sveitarfélagið deili fulltrúa í nefndinni með Bolungarvík og Ísafjarðarbæ. Sveitarstjóra falið að senda bréf á sveitarfélögin þess efnis.
6. Lagt fram.
7. Minnisblaðið lagt fram og sveitarstjóri gerir grein fyrir því.
8. Frestað til vors.
9. Frestað til vors.
10. Oddviti fer yfir umsögn Vestfjarðastofu. Sveitarstjórn samþykkir að umsögn Vestfjarðarstofu verði umsögn sveitarfélagsins.
11. Frestað til næsta fundar.
12. Róbert Ragnarsson mætir til fundarins í síma.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 14:06

Guðbjörg Bergmundsdóttir

Karl Guðmundur Kjartansson

Samúel Kristjánsson

Elsa Borgarsdóttir

**Steinn Ingi Kjartansson
oddviti**

